

Fundur Landssamtakanna Proskahjálpar¹ með starfshópi um gerð viðmiða um gæði frístundastarfs.

Landssamtökin Proskahjálpar leggja mjög mikla áherslu á að við gerð viðmiða um gæði frístundastarfs verði tekið mið af markmiðum með stefnu um skóla án aðgreiningar og hugmyndafræði um tækifæri fatlaðs fólks til virkrar þátttöku í samfélaginu á öllum sviðum og til eðlilegs og sjálfstæðs lífs, án mismununar og aðgreiningar. Samningur Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlað fólks² byggist á á þessari hugmyndafræði og mælir fyrir um skyldur ríkja til að hrinda henni í framkvæmd á öllum sviðum samfélagsins. Íslenska ríkið fullgilti samninginn sl. haust og þarf nú að uppfylla skyldur sínar samkvæmt honum, þ.m.t. hvað varðar tækifæri fatlaðra barna og ungmenna til virkrar þátttöku í frístundastarfi til jafns við aðra og án aðgreiningar.

Í 7 gr. samningsins SP er kveðið sérstaklega á um skyldur ríkja til að tryggja mannréttindi fatlaðra barna og að verja þau fyrir alls kyns mismunun.³ Í 30. gr. samningsins er kveðið á um rétt fatlaðs fólks til þátttöku í menningarlífi, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi og skyldur sem hvíla á ríkjum til að tryggja þann rétt í lögum, reglum og framkvæmd. Í 24. gr. samningsins er kveðið á um rétt fatlaðs fólks til menntunar og til að stunda nám í skólum án aðgreiningar og skyldur ríkja til að tryggja þann rétt í lögum, reglum og framkvæmd.

Í 23. gr. Barnasáttmála SP sem íslenska ríkið hefur fullgilt og einnig tekið í íslensk lög er kveðið sérstaklega á um skyldur ríkja gagnvart fötluðum börnum.

Með vísan til framangreindra mannréttinda fatlaðra barna og skyldu íslenskra stjórnvalda til að tryggja þeim þau réttindi, tækifæri og lífsgæði sem þar er mælt fyrir um vilja Landssamtökin Proskahjálpar sérstaklega koma eftirfarandi atriðum, sjónarmiðum og áherslum á framfæri við starfshóp um gerð viðmiða um gæði frístundastarfs.

Nokkur áhersluatriði Proskahjálpar varðandi gerð og efni gæðaviðmiðanna:

Við viljum leggja áherslu á að öllum börnum standi til boða frístundastarf af miklum gæðum, þar sem hvert barn getur tekið virkan þátt á sínum forsendum, þar sem metnaður er fyrir því að laga umhverfið og daglegt starf að ólíkum þörfum barna í margbreytlegum hópi, þar á

¹ Landssamtökin Proskahjálpar voru stofnuð árið 1976. Samtökin byggja stefnu sína á mannréttindasamningum sem Ísland hefur skuldbundið sig til að framfylgja og eru áréttuð í samningi SP um réttindi fatlaðs fólks. Megináherslan er á tækifæri til sjálfstæðs og eðlilegs líf til jafns við aðra. Samtökin vinna að hagsmuna- og réttindamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fólk með þroskahömlun og fötluð börn. Samtökin reka húsbýggingasjóð. Aðildarfélög að samtökunum eru rúmlega 20 með um 6000 félögum.

² file:///C:/Users/Lenovo/Desktop/Samningur%20SP.pdf

³ Í greininni segir m.a.: „1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fötluð börn fái notið fullra mannréttinda og grundvallarfrelsis til jafns við önnur börn.

2. Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi.“

meðal þeirra barna sem þurfa á miklum stuðningi að halda. Þannig að hvert barn geti upplifað sig sem hluti af hópi og öll börn læri að umgangast hvert annað.

Í frístundastarfi gefst tækifæri til þess að skapa vettvang þar sem allir geta verið virkir þátttakendur. Frístundastarf er vettvangur fyrir óformlegt nám á sviði félaglegrar og lýðræðislegrar þátttöku og virkni, mannréttinda, félagsfærni og þróunar sjálfsmýndar⁴. Þátttaka í frístundastarfi færir börnum og ungmönnum þekkingu sem þau geta yfirfært á samfélagið. Frístundastarf án aðgreiningar, í margbreytilegum barnahópi, getur búið börn undir það að takast á við krefjandi verkefni í samfélagi margbreytileikans⁵. Frístundastarf er því mikilvægur vettvangur í þróun samfélags þar sem allir meðlimir geta tekið virkan og fullan þátt.

- **Aðgengi:** Það þarf að vera aðgengi að öllu starfinu fyrir öll börn. Þar er um að ræða aðgengi að húsnæði og öllum svæðum innan húsnæðisins, aðgengi að upplýsingum, aðgengi að nauðsynlegum hjálpartækjum, aðlögun og stuðningi til að geta tekið þátt í allri dagská.
- **Öryggi:** Öryggi hvers barns þarf að vera tryggt, m.a. með því að menntað starfsfólk sé á staðnum sem þekkir þarfir allra barna.
- **Yfirstíga hindranir og nýta tækifæri:** Markvisst sé unnið í því að yfirstíga hindranir til þátttöku með bættu aðgengi og betri aðlögun á öllum sviðum.
- **Áhugi:** Hvert barn á að fá tækifæri þess að uppgötva og þróa áhugamál sín og stunda þau.
- **Samvera:** Öll börn fái tækifæri til samveru með öllum börnum, fái tækifæri til að mynda tengsl og vináttubönd. Leiðbeinendur í frístundastarfi hafi þekkingu og getu til að aðstoða börn við það að mynda tengsl sín á milli, yfirstíga mögulegar tjáskiptahindranir og læra þannig inn á hvert annað – sem gerir þau færari í að lifa og starfa í samfélagi margbreytileikans í framtíðinni.
- **Sveigjanleiki og aðlögun:** Það þarf að vera sveigjanleiki til þess að mæta öllum börnum á forsendum hvers og eins og finna leiðir og lausnir til þess að laga starfið að þörfum hvers barns. Þannig að hvert og eitt barn geti tekið þátt í dagskrá og notið samveru með öðrum börnum.
- **Starfsfólk:** Leggja þarf áherslu á að menntað starfsfólk sé ráðið til starfa, þroskaþjálfar og tómsundafræðingar sem hafa þekkingu og kunnáttu til að vinna með börnum í margbreytilegum hópum. Vinna þarf markvisst að því að allt starfsfólk / frístundaleiðbeinendur hafa metnað til þess að kynnast öllum börnum, mæta þeim á forsendum þeirra og séu tilbúnir til þess að „stíga út fyrir rammann“, bæta við sig þekkingu og þróa starfið á þann hátt sem þarf.

28. febrúar 2017

⁴ Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015). Starfsskrá frístundamiðstöðvar. Reykavík: Höfundur. Sótt af: https://reykjavik.is/sites/default/files/starfsskra_fristundamidst_2015-lores.pdf

⁵ Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2015). Þátttökurannsókn á tómsundastarfi fyrir 10-12 ára börn. Leiðir til að skapa samvinnu- og námsferli í margbreytilegum barnahópi. *Sérrið Netlu 2015 – Hlutverk og menntun þroskaþjálfara*. Sótt af: http://netla.hi.is/serrit/2015/hlutverk_og_menntun_throskathjalfa/005.pdf

